

JÚLÍ 1998

BYGGÐ VIÐ BORG

Skýrsla um framtíðarhorfur
í atvinnu- og félagsmálum Borgarfjarðar
í ljósi breyttra aðstæðna



Inngangur

Bæjarráð Borgarbyggðar samþykkti vorið 1997 tillögu Atvinnumálanefndar sveitarfélagsins um að gerð yrði könnun á hugsanlegum áhrifum Hvalfjarðarganga á atvinnulíf á Borgarfjarðarsvæðinu.

Eftir að hafa ráðgast um umfang verkefnisins og skoðað fyrirmyndir komst Atvinnumálanefnd að þeirri niðurstöðu að rétt væri að úttekt á framtíðarmöguleikum atvinnulífs á svæðinu næði út fyrir bein áhrif af opnun Hvalfjarðarganga. Óhjákvæmilegt væri að taka tillit til margra annarra þátta sem væru að breytast, og meta stöðuna innan sveitarfélagsins út frá þeirri heildarmynd sem við blasti. Fram þyrfti að fara einhvers konar stefnumótun fyrir Borgarbyggð og nágrenni.

Í lýsingu á verkefninu, sem Bæjarráð Borgarbyggðar fjallaði um á haustdögum 1997, sagði m.a. að í því fælist athugun á stöðu og framtíðarmöguleikum Borgarbyggðar sem atvinnu- og búsetusvæðis og möguleikum hennar til framþróunar í ljósi breyttra aðstæðna, sérstaklega m.t.t. ganga undir Hvalfjörð. Í verkefninu yrði gerð ytri greining á umhverfi Borgarbyggðar, greining á innri þáttum samfélagsins og hugað að mögulegum aðgerðum til að nýta tækifæri Borgarbyggðar og bregðast við veikum þáttum í samfélaginu. Þá yrði gerð samantekt og yfirlit yfir hliðarþætti sem kynni að þurfa að rannsaka frekar.

Verkefnið hófst formlega í október 1997 með skipun í vinnuhópa. Alls tóku 37 manns þátt á starfi vinnuhópanna. Fjölluðu hóparnir um atvinnumál, verslun, þjónustu og samgöngur, æskulýðsmái, menntun, menningu og sögu, opinbera þjónustu, heilsugæslu og stjórnsýslu. Hóparnir skiluðu skýrslum sem kynntar voru á sameiginlegum fundi þeirra í desember 1997.

Atvinnumálanefnd kallaði í september til þrjá ráðgjafa til að stýra verkefninu. Þeir voru Jónas Bjarnason forstöðumaður Hagþjónustu landbúnaðarins, Jónas Guðmundsson rektor Samvinnuháskólans á Bifröst og Ólafur Sveinsson forstöðumaður Atvinnuráðgjafar Vesturlands. Þá óskaði nefndin eftir stuðningi

Byggðastofnunar við verkefnið og varð aðstoð stofnunarinnar fólgin í aðgangi að gögnum hennar og setu forstöðumanns Þróunarviðs Byggðastofnunar, Sigurðar Guðmundssonar, í stýrihópi verkefnisins. Bæjarstjóri Borgarbyggðar, Óli Jón Gunnarsson, sat nokkra fundi hópsins.

Stýrihópurinn komst fljótt að raun um að fáar fyrirmyndir lægju fyrir að því verkefni sem til stóð að vinna. Þó hefur aðferðum stefnumótunarfræða, sem upphaflega voru ætluð fyrirtækjum og stofnunum, í vaxandi mæli verið beitt fyrir landssvæði og þjóðfélög. Hefur svonefndri SVÓT-greiningu (styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri), einkum verið beitt í slíkum greiningum.

Stýrihópurinn leitaði víða fanga í leit að efni fyrir verkefnið. Fyrst og fremst var um að ræða heimildir til greiningar á ytri áhrifaþáttum og kenningar um áhrif samgöngubóta. Gagnagrunnur Byggðastofnunar reyndist aðalheimildin um þróun búsetu og atvinnulífs í Borgarbyggð og nágrenni (allar tölur sem ekki er sérstaklega getið heimilda fyrir með tilvísunum eru fengnar þaðan). Niðurstöður vinnuhópanna var helsta heimildin um ástand og horfur á athugunarsvæðinu, en einnig gerðu nokkrir nemendur Samvinnuháskólans á Bifröst könnun á viðhorfi íbúa í Borgarbyggð til búsetuskilyrða í sveitarfélaginu. Þá lét stýrihópurinn fara fram könnun á viðhorfum ungs fólks á höfuðborgarsvæðinu til Borgarfjarðarsvæðisins.

Í þessari skýrslu, sem stýrihópurinn ber fulla ábyrgð á, verður farið yfir ytri og innri þætti í atvinnu- og félagsmálum Borgarfjarðar. Dregin verður upp mynd af stöðu svæðisins. Þá verða skoðaðir helstu þróunarmöguleikar Borgarfjarðar. Settar verða fram tillögur um áhersluverkefni sveitarfélaga, félagasamtaka og fyrirtækja. Skýrslunni lýkur með samantekt, lokaorðum og skrá um helstu heimildir.

Efnisyfirlit með skýringum

1. Ytra samhengi -

mótunarþættir utan héraðsins

- a. Grunngerð: samgöngum, fjarskiptum, orku o.fl. er ráðið á landsvísu og breytingar utan héraðs hafa áhrif innan þess.
- b. Eftirspurnarþættir: eftirspurn eftir vörum og þjónustu breytist m.a. í takt við stærri menningarbreytingar og jafnvel tísku.
- c. Efnahagsmál í heiminum og landinu setja mark á möguleika fólks til að bæta lífskjörin.
- d. Verslun: verslunarhættir breytast m.a. með breyttri tækni, s.s. nýtingu Internetsins til innkaupa; ennfremur útbreiðslu póstverslunar, keðjumyndana í verslun.
- e. Landbúnaður: miklar breytingar hafa orðið og verða áfram í umhverfi landbúnaðarins í landinu.
- f. Iðnaður: uppbygging orkufreks iðnaðar, samkeppnisaðstæður neysluvöruiðnaðar.
- g. Stjórnsýslubreytingar: sameining sveitarfélaga hefur félagsleg og stjórnsýsluleg áhrif.
- h. Lýðfræði: fjöldi, aldurssamsetning og búseta þjóðarinnar er í stöðugri þróun.

2. Borgfirskt umhverfi

- a. Mannaflaskipting: hvernig hefur vinnuaflið á svæðinu skipst á atvinnugreinar?
- b. Mannfjöldapróun: sveiflur í íbúafjölda á undanfönum áratugum.
- c. Samsetning mannfjöldans: aldurssamsetning, skörð í aldurstré.
- d. Tekjur: meðaltekjur íbúa, atvinnutekur, tekur á ársverk.
- e. Atvinnuleysi: mælt atvinnuleysi karla og kvenna á svæðinu frá 1981.

3. Atvinnulíf og samfélag

- a. Sterkar hliðar: mikilvægustu sterku þættirnir í atvinnulífi, menningu og velferð svæðisins.
- b. Veikar hliðar: áberandi veikir þættir.

4. Innra og ytra samhengi—niðurstöður greiningar

Niðurstöður greiningarinnar í kafla 3: Hvernig tvinnast ytri og innri þættir saman? Þarf að beina sjónum að ákveðnum innri þáttum í ljósi breytinga í umhverfinu?

5. Áhrif af Hvalfjarðargöngum

Yfirlit yfir rannsóknir á áhrifum samgöngubreytinga, sem gefa til kynna líkleg áhrif af Hvalfjarðargöngum.

6. Samkeppni við önnur svæði

Segja má að nokkur svæði séu í sambærilegri stöðu gagnvart höfuðborgarsvæðinu.

7. Framtíðarmöguleikar

Möguleikar til framþróunar batna á fjórum sviðum:

- a. Matvælaframleiðsla.
- b. Hálfþjónustusvæði.
- c. Orlofshúsabyggðir.
- d. Samtvinnun þéttbýlis og dreifbýlis.
- e. Skólastarf.

8. Áhersluverkefni—tillögur

Tillögur í 17 liðum um áhersluatriði sem sveitarfélagið, fyrirtæki og félagasamtök geta beitt sér fyrir.

9. Önnur mál

- a. Sérhæfing félagsheimila.
- b. Uppstokkun safnamála.
- c. Ávöxtun bókmenntaarfsins.
- d. Kynning á landbúnaðarstörfum.

10. Samantekt

11. Að lokum

1. Ytra samhengi - - mótunarpættir utan héraðsins

a. Grunngerð

- Miklar framfarir eru væntanlegar í samgöngum og fjarskiptum á landinu á næstu árum. Á Alþingi var nýlega afgreidd langtíma-vegaáætlun þar sem gert er ráð fyrir 115 milljarða fjárveitingu ríkisins til vegagerðar, þ.m.t. brúa en að slepptum sérstökum verkefnum s.s. jarðgöngum, á næstu 12 árum.

Til stórverkefna er ætlunin að verja 20 milljörðum króna. Þar af eru ætlaðir 2,4 milljarðar til stórverkefna á Vesturlandi, og eru stærstu framkvæmdirnar í Hvalfirði, á Snæfellsnesi og á Bröttubrekku. Til stórverkefna í Borgarfirði er áætlaður 1,5 milljarður króna, til vegtenginga í Hvalfirði (660 milljónir), endurbóta á hringveginum í Stafholtstungum (450 milljónir), endurbóta á Bröttubrekku (200 milljónir), til uppbyggingar á Hálsasveitarvegi að Húsafelli (150 milljónir), og til breikkunar brúa.

Til viðbótar þessum fjárveitingum er á vegaaætlun 1998-2000 gert ráð fyrir um 400 milljóna uppbyggingu Borgarfjarðarbrautar, frá Götuási að Kleppjárnsreykjum, og 140 milljóna lagfæringum á nokkrum brúm í héraðinu.

- Landsíminn hf. vinnur nú að framkvæmdaáætlun um lagningu breiðbands um landið á næstu fimm árum. Gert er ráð fyrir framkvæmdum í Stykkishólmi sumarið 1998. Lagning í Borgarfjörð er ekki á dagskrá á árinu 1998, en ekki liggur fyrir framkvæmdaáætlun fyrir næstu ár.

Þá vinnur Landsíminn og nýja fyrirtækið Tal hf. að því að bæta fjarskiptamöguleika landsmanna.

- Með auknum stóriðjuframkvæmdum mun eftirspurn eftir rafmagni aukast til muna. Framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar munu ekki haldast í hendur við hina stórauðnu eftirspurn. Því má gera ráð fyrir að lítil umframorka verði til ráðstöfunar í landskerfinu. Þetta getur haft þau áhrif að verð á raforku til ylræktar muni hækka verulega.

Notkun jarðhita á Borgarfjarðarsvæðinu getur enn vaxið talsvert. Nýlega lækkaði verð á heitu vatni í Borgarnesi um 5%.

- Mörg sveitarfélög hafa verið að vinna að umbótum í sorp- og fráveitumálum sínum. Þannig hafa Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi verið að undirbúa framtíðaráætlanir um eyðingu sorps í öllum landshlutanum. Þessar umbætur munu leiða til þess að opnum sorphaugum verður lokað og eflað verður úrvinnsla lífræns sorps. Þrýstingur mun örugglega aukast á sveitarfélögin um að grípa til aðgerða til að gera svipaðar úrbætur í fráveitumálum.

b. Eftirspurnarpættir

- Á næstu árum mun aukast eftirspurn eftir grænmeti og vistvænum vörum. Þessara eftirspurnarbreytinga verður þegar vart; neysla á grænmeti hefur stórlega vaxið á undanföllum árum og á markaðinn eru komnar vörur sem byggja á sjálfbærri framleiðslu, vörur sem eru dýrari en sambærilegar vörur unnar með öðrum hætti en seljast engu að síður. Þessi þróun virðist vera komin lengra í mörgum þróuðum iðnríkjum og heldur án efa áfram hér á landi.

- Eftirsókn almennings eftir tómstundum og afþreyingu, þ.m.t. ferðapjónustu, mun aukast.

c. Efnahagsmál

- Útlit er fyrir góðan hagvöxt í landinu næstu árin. Þannig segir í nýlegri skýrslu frá Þjóðhagsstofnun að hagvöxtur verði 4,6% á árinu 1998 og 3% árlega á árunum 1999-2002. Á Vesturlandi má búast við góðum hagvexti, þó ekki væri fyrir annað en fyrir áhrif nýs 60 þúsund tonna álvers Norðuráls á Grundartanga, þriðjungsstækkunar Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og verulegrar aukningar aflaheimilda fiskiskipa. (Þjóðarþúskapurinn. Framvindan 1997 og horfur 1998. 1998:5-6).

d. Verslun

- Verslunarhættir landsmanna hafa breyst nokkur með bættem fjarskiptum og fljótvirkari pósthjónustu. Þannig hafa neytendur í síauknum mæli farið að versla á Internetinu, í gegnum síma og eftir pöntunarlistum. Þessi þróun mun án efa halda áfram og þjappa verslun frekar saman en orðið er, aðallega á suðvesturhorni landsins.

Stofnsetning stórverslana með einstaka vöruflokka, eins og nýjar verslanir ELKO og BT með raftæki eru dæmi um, svo og nýtt landnám erlendra verslanakeðja, mun ennfremur draga verslunina frekar til höfuðborgarsvæðisins.

- Keðjumyndun í dagvöruverslun hefur einnig verið að aukast. Keðjurnar Hagkaup, Bónus, 10-11, 11-11 og Samkaup hafa verið að teygja sig víðar um landið. Sömu keðjurnar munu jafnvel bjóða nokkrar tegundir af verslunum. Nýlega stofnsetti Hagkaup nýja tegund verslunar innan sinnar keðju í Borgarnesi. Þessara keðjumyndana mun án efa gæta í vaxandi mæli í landinu.

- Búsetubreytingar í landinu munu einnig færa til verslunina. Gert er ráð fyrir að áfram fækki fólki utan höfuðborgarsvæðisins á næstu árum. (Sjá undirkafla um lýðfræði hér á eftir og um mannfjölda í kaflanum um Borgfirskt umhverfi).

e. Landbúnaður

- Landbúnaður hefur átt í vök að verjast á Vesturlandi líkt og annars staðar á landinu undanfarin 10 til 12 ár. Meginatriði opinberrar landbúnaðarstefnu á tímabilinu 1985-1997 koma fram í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 46/1985 og nr. 99/1993 (með síðari breytingum). Það sem einkennt hefur landbúnaðarstefnuna á þessum tíma er annars vegar að draga úr búvöruframleiðslunni og lækka verð búvara til neytenda til þess að aðlaga hana innanlandsmarkaði og hins vegar að draga úr ríkisútgjöldum til landbúnaðarmála. Til þess að ná fram þessum markmiðum hafa stjórnvöld m.a. beitt framleiðslutakmörkunum (kvótum) bæði í kindakjöts- og mjólkurframleiðslunni. Á Vesturlandi hefur áhrifa samdráttar gætt í atvinnuveginum í þessum efnum. Miðað við hlutfallslega skiptingu ársverka í kjördæminu á tímabilinu 1984-1994, fækkaði ársverkum í landbúnaði t.d. um 579 eða í heild úr 18% í 11%.

Hvað framtíðina áhrærir í hefðbundnum landbúnaði má telja hana nokkuð vísa fram til ársins 2005 í mjólkurframleiðslunni, en nýr búvörusamningur ríkisins og Bændasamtaka Íslands þess efnis mun taka gildi 1. september 1998. Sá samningur mun tryggja ríkisstuðning við rúmlega 100 milljóna lítra ársframleiðslu mjólkur. Ýmis ljón eru þó á veginum í mjólkurframleiðslunni og ber þar einna hæst nýlega reglugerð um hertar kröfur um svokallaða frumutölu í mjólk.

Í kindakjötsframleiðslunni er heldur óljósara með framtíðina. Núverandi búvörusamningur í sauðfjárrækt gildir til ársins 2000. Ljóst er að markmið um minnkun birgða kindakjöts hafa náðst það sem af er gildistíma samningsins en hagræðingarmarkmið hefur hins vegar ekki náðst hvað varðar fjölda framleiðenda miðað við tilboð ríkisins um uppkaupt á framleiðslurétti ásamt því að viðskipti með framleiðslurétt voru heimiluð út júní 1996. Þá vekur aukinn samdráttur í sölu kindakjöts á innanlandsmarkaði 1997 (um 3,8%) áhyggjur um framtíðarþróun greinarinnar. Líkur benda til þess að sauðfjársamningurinn verði jafnvel tekinn til endurskoðunar fyrr en til stóð, m.a. vegna þessa. Gangi það eftir er ekki ólíklegt að viðskipti með beingreiðslurétt verði heimiluð á ný. Stuðningur ríkisins við sauðfjárrækt hefur í vaxandi mæli yfirbragð félagslegra aðgerða gagnvart bændum.

Í heildina séð er því ytra umhverfið nokkuð tryggt í mjólkurframleiðslunni ef miðað er við stöðu mála í ársbyrjun 1998 til 2005. Framundan er þó áframhaldandi fækkun (og stækkun) kúabúa vegna aukinnar sérhæfingar, sem mun þróast þannig vegna aukinna krafna um gæði framleiðslunnar og bætta afkomu búgreinarinnar. Í kindakjötsframleiðslunni verður hins vegar að gera ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í (væntanlegum) nýjum búvörusamningi í kindakjöti (með hliðsjón af minnkandi eftirspurn á innanlandsmarkaði).

f. Iðnaður

- Orkufrekar iðnaður hefur vaxið að undanfögnu. Hefur vöxturinn orðið mestur á Vesturlandi, með byggingu álvers Norðuráls og þriðjungsstækkun Járblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Gert er ráð fyrir stækkun álversins í náninu framtíð. Þá eru uppi hugmyndir um byggingu nýrra verksmiðja á Austur- og Norðurlandi, svo og á Reykjanesi.

Í tengslum við þessar orkufreku verksmiðjur munu verða byggð ný raforkuver, aðallega á Suður- og Austurlandi.

Þessar framkvæmdir munu hafa margvísleg áhrif til skamms tíma og en einnig langframa. Þær munu auka eftirspurn eftir raforku og eftir vinnuafli, sérstaklega iðnmenntuðu fólki. Þær munu skapa mörg vellaunuð störf.

Líklegt er að á næstu árum hægi á þenslu orkufreks iðnaðar í landinu vegna alþjóðlegra umhverfissamninga og vegna almennra umhverfisverndarsjónarmiða.

- Neysluvöruiðnaður mun eiga í vaxandi samkeppni við innflutning á næstu árum, eftir því sem áhrif alþjóðlegra viðskiptasamninga Íslands, svo sem GATT og ESS, aukast.

g. Stjórnsýslubreytingar

- Sameining sveitarfélaga mun án efa halda áfram. Eftir því sem fleiri verkefni verða færð frá ríki til sveitarfélaga munu sveitarfélögin þurfa að stækka til þess beinlínis að ráða við verkefnin.

Í framtíðinni er líklegt að öll sveitarfélög nái yfir heil héruð, eða jafnvel landshluta.

- Í tengslum við sameiningar sveitarfélaga er líklegt að skipulag ýmissrar opinberrar þjónustu verði endurskoðuð. Reynt verði að ná fram aukinni hagræðingu, án þess þó að þjónusta við íbúa skerðist um of.

Hagræðingarkrafa samfélagsins mun án efa ná til margra ríkisstofnana sem nú hafa mörg útibú víðs vegar um landið.

h. Lýðfræði

- Á síðustu tíu árum, frá 1987 til 1997, fjölgaði íbúum á Íslandi um tæplega 25 þúsund manns, eða um 10%. Íbúar landsins voru samtals 272.064 talsins þ. 1. desember 1997. (Hagstofa Íslands 1998). Enn má gera ráð fyrir talsverðri fjölgun landsmanna á næstu árum, enda fjölgaði þeim á síðasta ári talningarinnar einu um 0,9%.

Á þessu tíu ára tímabili fjölgaði íbúum höfuðborgarsvæðisins um 19,2%, en íbúum annarra landshluta fækkaði um 1,6%.

Bygðastofnun hefur gert framreiknaða spá, sem byggir á tilteknum forsendum, um búsetuþróun í landinu á næstu árum. Spáin leiðir í ljós að íbúum utan höfuðborgarsvæðisins gæti fækkað um 1600 eða 0,6% frá 1998 til 2003. (Stefnumótandi byggðaáætlun 1998-2002 (drög). 1998:45).

Almennt er gert ráð fyrir að elstu aldurshópar þjóðarinnar stækki hlutfallslega með hækkandi meðalaldri. Þá er greinilegt að fólk á þrítugs- og fertugsaldri er tiltölulega færri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

2. Borgfirskt umhverfi

a. Mannaflaskipting


Sé litið á skiptingu ársverka á atvinnugreinar í þeirri nýju Borgarbyggð sem varð til með sameiningu sveitarfélaga vorið 1998, kemur í ljós að flest störf eru í opinberri þjónustu, þá í landbúnaði, smásöluverslun og loks matvæla- iðnaði. Á árunum 1985 til 1995 fjölgaði störfum mest í matvælaíðnaði (39) og opinberri þjónustu (34). Störfum fjölgaði einnig nokkuð við peningastofnanir, þjónustu við atvinnugreinar, skemmtanir og íþróttir og opinberar framkvæmdir. (Sjá nánar á Mynd 1). Ekki er líklegt að þessi þróun á vinnumarkaðinum hafi aukið atvinnutækifæri menntaðs fólks þó erfitt sé

að fullyrða um það án undangenginnar könnunar hjá einstökum fyrirtækjum.

Störfum fækkaði mest í landbúnaði (130 ársverk, eða um 44%); ennfremur fækkaði í flutningum (36), vefjariðnaði (32) og byggingum (25). Alls fækkaði störfum um 131 eða 10% á tímabilinu.

Eitt mikilvægt einkenni atvinnulífsins í Borgarbyggð, miðað við landið allt, er hversu fáir stunda þar sjávarútveg. Aðeins örfá ársverk íbúanna eru í sjávarútvegi. Annað einkenni er hversu margir tengjast þjónustu við ferðafólk, við verslun og ýmis konar þjónustu, þótt þeir lendi ekki í sama flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

Mynd 1 Ársverk í Borgarbyggð



b. Mannfjöldapróun


Frá fimmta áratug þessarar aldar og fram undir 1980 var stöðug fjölgun íbúa í Borgarfirði og nærsveitum. Frá árinu 1980 hefur orðið lítill háttar fjölgun, þó sum árin hafi íbúum fækkað.

Þann 1. desember 1997 voru íbúar í þeirri Borgarbyggð sem sameinaðist nú í vor samtals 2.391.


Frá 1990 til 1997 fækkaði íbúum í þessari nýju Borgarbyggð um 86, eða 3,5%. Nokkur

fjölgun átti sér stað við upphaf áratugarins, en frá 1994 hefur orðið árleg fækkun. Verulegir flutningar voru til og frá Borgarbyggð á þessum tíma. Þannig fluttu 879 manns til Borgarbyggðar en 1039 frá sveitarfélaginu á árunum 1990 til 1997. Flutningar fólks eru fyrst og fremst til og frá höfuðborgarsvæðinu. Á árunum 1993 til 1995 voru 43% af tilflutningi til Borgarbyggðar af höfuðborgarsvæðinu; 58% af tilflutningi frá svæðinu var á sama tíma til höfuðborgarsvæðisins.


Mynd 2 Mannfjöldi í Borgarbyggð



Mynd 3 Búferlaflutningar - Mismunur aðfluttra og brottfluttra í Borgarbyggð



Mynd 4 Aldursskipting í Borgarbyggð



d. Samsetning mannfjöldans

Við skoðun á aldursskiptingu íbúa Borgarbyggðar kemur í ljós að hlutfallslega mun færri eru í aldurshópnum 25-29 ára og 30-34 ára heldur en eru í þessum hópum í landinu í heild. Þetta skarð virðist ná yfir landsbyggðina í heild. Fámennið í þessum hópum skapar fyrr eða síðar annað skarð í aldurstréð, í yngstu aldurshópnum, þar sem fáir foreldrar eiga fá börn.

Árið 1992 voru 21% íbúanna í Borgarbyggð á aldrinum 25 til 39 ára en 1998 voru það 18%. Til samanburðar voru árið 1992 24% landsmanna á þessum aldri, en árið 1998 23%. Þannig hefur enn fækkað hlutfallslega í þessum hópi ungs fólks, þó mun meira í Borgarbyggð en á landinu öllu.

e. Tekjur

Meðaltekjur hafa verið dálítið lægri á Vesturlandi heldur en að meðaltali í öllu landinu. Þannig voru atvinnutekjur 16 ára og eldri á Vesturlandi 96,3% af landsmeðaltalinu árin 1990 og 1994 (Sögulegt yfirlit hagtalna. 1997:132)

Munurinn er enn meiri þegar aðeins er litið á Borgarfjarðarsvæðið. Ástæðan er sú að í Borgarfirði er mikill landbúnaður en enginn sjávarútvegur, en þetta eru tekjulægsta og tekjuhæsta atvinnugreinin yfir allt landið. Sjávarútvegsbyggðirnar á Akranesi og á Snæfellsnesi lyfta meðaltalinu fyrir allan landshlutann. Fyrir liggur þrenns konar mæling á meðaltekjum á þjónustusvæði

Borgarness. Atvinnutekjur á íbúa árið 1995 voru 17% lægri á svæðinu en í landinu í heild; meðaltekjur á ársverk voru 21% undir landsmeðaltali. Jafnvel meðaltekjur á ársverk án landbúnaðar og fiskveiða eru 9% undir landsmeðaltali, en þess ber að geta að aðeins höfuðborgarsvæðið er yfir landsmeðaltalinu að þessu leyti.


f. Atvinnuleysi

Atvinnuleysi hefur ekki verið mikið í Borgarbyggð á undanförunum árum, samborðið við önnur sveitarfélög og landshluta. Þó hafa að meðaltali mánaðarlega verið frá 2 atvinnulausir árið 1981, til 51 árið 1993. Árið 1997 voru í hverjum mánuði að meðaltali 25 atvinnulausir í Borgarbyggð.

Á þjónustusvæði Borgarness var atvinnuleysi árið 1997 á hvert ársverk (utan landbúnaðar) árið 1995 um 2%, sem var mjög lítið miðað við önnur landssvæði (hæst atvinnuleysi var á Skagafjarðarsvæðinu 8,4%). (Stefnumótandi byggðaáætlun 1998-2002 (drög). 1998:23).

Þegar atvinnuleysistölur í Borgarbyggð eru skoðaðar nánar kemur í ljós mikill munur á atvinnuleysi karla og kvenna. Atvinnuleysi kvenna er mun meira en karla. E.t.v. ræður hér nokkru að atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist á undanförunum árum; áhugi þeirra á að fara út á vinnumarkaðinn hefur aukist meira, en þær virðast ekki fundið nægjanlega mörg störf. Auk þess varð meiri samdráttur í störfum kvenna með hvarfi tveggja stórra vinnustaða.

Mynd 5 Atvinnuleysi í Borgarbyggð



3. Atvinnulíf og samfélag

Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, opinberra skýrslna, úttekta vinnuhópa, skoðanakannana og fleiri gagna, má draga fram nokkur innri einkenni á atvinnulífi og samfélagi í Borgarbyggð og nágrenni.

a. Sterkar hliðar

• Talsverð hefð er fyrir matvælaframleiðslu hjá borgfirskum fyrirtækjum, og gæðai mynd þeirra á markaðinum sterk að því er talið er. Starfandi fyrirtæki eru t.d. Eðalfiskur, Afurðasalan, og Engjaás. Fyrirtækin eru nálægt markaðinum á höfuðborgarsvæðinu og eru að færast enn nær.

• Byggingariðnaður og framleiðsla byggingarefna eru umfangsmikil í héraðinu. Borgfirsk fyrirtæki hafa verið framarlega í þróun tækni til byggingarstarfsemi. Nefna má fyrirtækin Vírnet og Loftorku.

• Góð aðstaða er til íþróttaiðkana og öflugt íþróttastarf; glæsileg íþróttamannvirki, íþróttavellir, sundlaug og íþróttahús í Borgarnesi. 95% íbúa í Borgarnesi virðast vera ánægðir eða frekar ánægðir með íþróttaaðstöðuna. (Andrés Konráðsson et al. 1998:21). Sundlaugar og heitir pottar eru á Kleppjárnsreykjum, Húsafelli, Brautartungu, Andakíl og á Varmalandi. Þátttaka ungs fólks er almenn í starfi á vegum íþrótt- og ungmennafélaga. Öflugt þjálfunarstarf.

• Fjölbreytt og gróskumikið skólastarf. Grunnskólar, sem flestir eru einsetnir, hafa skilað góðum árangri; þetta sýnir sig t.d. í samanburði einkunna í samræmdum prófum. Þrjár háskólastofnanir á svæðinu; útlit fyrir eflingu tveggja þeirra á næstu árum. Öflugur tónlistarskóli.

• Mikill fornsöguarfur og merkar söguslóðir liggja víða um héraðið.

• Mikill bókmenntaarfur. Mörg þjóðskáld og margir rithöfundar eru upprunnir í Borgarfirði.

• Óvída jafn mörg og þekkt náttúrufyrirbæri sem vekja áhuga ferðafólks, s.s. hverir, jöklar, hraun og eldstöðvar, hellar, fossar og skóg-lendur.

• Umtalsverð þekking og hefð á svæðinu fyrir þjónustu við laxveiði- og ferðafólk.

• Miklir möguleikar eru til skipulagningar byggingarlands, m.a. fyrir orlofshús. Nægur jarðhiti.

• Menningar- og félagsstofnanir með víðtæka starfsemi, sérstaklega kórar.

• Margvísleg opinber þjónusta er nálæg.

• Að undanskildum hlykkjóttum og þröngum Vesturlandsvegi frá Haugum að Hreðavatnsskála eru góðar vegsamgöngur í gegnum héraðið (verri innan héraðsins).

• Nokkrar óhefðbundnar greinar landbúnaðar hafa vaxið innan héraðsins, t.d. ylraekt og svínarækt.

• Trú á framtíð svæðisins virðist ná út fyrir það, sem lýsir sér í staðarvali utanaðkomandi verslunarfyrirtækja innan svæðisins.

• Góð staðsetning þéttbýliskjarnans í Borgarnesi fyrir verslun og þjónustu. Borgarnes er landfræðilega vel staðsett vegna þjónustu fyrir allt Vesturland.

• Samkvæmt könnun eru 8% ungs fólks á höfuðborgarsvæðinu tilbúin til að flytja í Borgarnes að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

b. Veikar hliðar

• Fjárhagsstaða margra mikilvægra fyrirtækja í Borgarbyggð er veik. Þau eru ennfremur í atvinnugreinum sem ekki geta greitt há laun. Hálauna- og hámenntastörf eru einnig fá innan þeirra.

• Hefðbundinn landbúnaður, sú mikilvæga atvinnugrein Borgarfjarðar, á undir högg að sækja.

• Þörf er fyrir fleiri til að taka að sér forystu í íþrótt- og ungmennastarfi héraðsins. Þyrfti að vera betra heildarskipulag þessara mála og meiri hvatning til þeirra eldri að starfa að þessum málum.

• Enginn framhaldsskóli er á svæðinu. Vantar fleiri leikskólaláss til að taka við íbúafjölgun. Vantar meira samstarf og samtengingu á milli skóla, s.s. leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Vantar að stórefla símenntun til að hækka menntunarstig í héraðinu.

- Söguarfurinn er lítt sýnilegur. Lítið um merkingar á örnefnum og sögustöðum, lítil athygli vakin á söguatburðum.
- Fremur óskýr ímynd Borgarfjarðar í hugum fólks utan svæðisins. Fátt afgerandi í hugum ungs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Almennt lítil þekking á svæðinu meðal þessa fólks, sérstaklega hjá aldurshópnum um tvítugt.
- Skipulag þéttbýlisins í Borgarnesi, með vanþróaðan og óaðgengilegan gamlan miðbæ og áberandi en óaðlaðandi iðnaðarhverfi, rýrir aðdráttarafl hans gagnvart ferðafólki.
- Sérhæfð þjónusta á sumum sviðum er af skornum skammti í Borgarfirði, e.t.v. vegna þess að svæðið liggur of nálægt höfuðborginni.
- Ýmis aðstaða til ferðaþjónustu gæti vera betri, t.d. gistiðstaða (með baði), veitingar, söfn, merkingar og dægradvöl.
- Fjarskipti út af og inn á svæðið eru ekki nægilega fullkomin og hraðvirk miðað við nútímakröfur og fyrirsjáanlega þróun.
- Margir vegir innan héraðsins eru slæmir, jafnvel hættulegir.
- Stór skörð eru í aldurstréð frá 20 til 39 ára aldurs.
- Mikið los er á yngra fólki; aðeins 35% íbúa Borgarbyggðar á aldrinum 18-25 ára virðast ákveðin í að búa áfram innan svæðisins; flestir tóku ekki afstöðu eða voru óákveðnir. (Andrés Konráðsson et al. 1998:17).
- Tímstundaiðkanir og félagslíf barna og unglunga virðast ekki vera fullnægjandi. Um 30% íbúa í Borgarbyggð virðast vera óánægð eða frekar óánægð með þessi atriði. (Andrés Konráðsson et al. 1998:21)
- Hugsanlegur samruni og fækkun sláturhúsa gæti leitt til þess að skortur yrði á ódýru hráefni til matvælaframleiðslu.

4. Innra og ytra samhengi -- niðurstöður greiningar

Ytri greiningu (Kafli 1) og innri greiningu (Kafli 2 og 3) má tvinna saman á einfaldan hátt til áhersluauka á eftirfarandi hátt.²

	Vegstytting með Hvalfjarðargöngum	Aðlögun í landbúnaði	Fjárskipti og tölvuvæðing	Hagræðingarkrafa í þjófrelaginu	Áhersla á frítíma og tómstundir	Efnahagslegt framtíarskeið	Aldurs- og búsetuþróun	+	-
Sterkir þættir									
Saga og náttúra	+	0	+	0	++	+	0	5	0
Íþróttaaðstaða, íþróttastarfi	+	0	0	+	++	+	-	5	1
Matvælaframl. hefð	+/-	-	0	+	+	0	0	3	2
Góð staðsetning ferðaþjónustu	0	-	0	+	++	+	-	4	2
Margþætt skólastarfi	+	+	++	+/-	+	+	-	7	2
Fjölþætt þjónusta	-	-	+	+/-	-	+	-	3	5
Veikir þættir									
Fjárhagsleg staða fyrirtækja	0	-	-	0	+	0	-	1	3
Skarð í aldurstré	+	-	+/-	-	-	-	--	2	7
Óskýr ímynd svæðis	+/-	0	+	0	-	+	0	3	2
Skipulagsmál	+	0	0	+	+	+	0	4	0
Aðstaða ferðaþjónustu	-	0	-	-	-	+	0	1	4
	+	7	1	6	6	10	8	0	
	-	4	5	3	4	4	1	7	

Greiningin í þessari töflu byggist á mati skýrsluhöfundna. Önnur niðurstaða þarf ekki að vera röng.

² Aðferðin byggir á að skoða ytri breytingarnar í ljósi aðstæðna heima fyrir. Þannig þýðir plús-merkið að svæðið geti notfært sér ytri breytingu eða brugðist gegn henni vegna þess að viðkomandi innri þáttur er sterkur á svæðinu; einnig á plús-merkið við þegar ytri breyting dregur úr veikleika í innri þætti.

Mínus-merki þýðir aftur á móti að ekki er hægt að bregðast við vandamálum sem skapast af breytingum í umhverfinu, eða vandamálun verða alvarlegri, vegna veikleika í innri þætti; einnig á mínus-merki við þegar ytri breyting dregur úr styrkleika í innri þætti. Sjá Johnson og Scholes 1989:79.

0 merkir að ekki er hægt að greina tegsl á milli ytri og innri breytinga.

Önnur aðferð til að meta sérstaklega nokkra innri þætti sem skipta máli vegna búsetu og ferðalaga, og athuga hvaða áhrif breytingar á þessum þáttum gætu haft, birtist í eftirfarandi töflu. (Sjá Kotler, Heider og Rein. 1993).

Grunngerð	Stöðugreining			Möguleikar til frambrúnar			Möguleg áhrif breytinga				
	Slæmt	Sæmilegt	Gott	Frábært	Litill	Nokkrir	Miklir	Lítilt	Nokkur	Talsverð	Mikil
Húsnæðisfambóð og veið	X					X			X		
Húshitunarkostnaður			X			X			X		
Vegir og samböngur innan héraðs	X						X				X
Vegir og samgöngur í gegnum hérað			X						X		
Framboð árabrú			X		X						
Öryggisþjónusta			X			X			X		
Gummennitunarmöguleikar				X		X					
Gisthús og veitingaástaða		X					X			X	
Reiðstínuástaða		X					X			X	
Þjónusta við ferðabílk			X				X			X	
Flausköpi	X										X
Aðdráttarali											
Náttúruyfibræði og fegurð				X		X				X	
Sögulegur arfur, auðveldir og persónur				X							X
Ástaða til veislunar	X						X				
Meringaraburðir			X						X		
Afþreying og skemmtanir þróttamannvirk		X				X			X		
Sérstakir atburðir og tækni		X		X					X		
Byggingar og höggmyndir		X				X				X	

5. Áhrif Hvalfjarðarganga

Opnun Hvalfjarðarganga mun án efa hafa talsverð áhrif á Borgarfjarðarsvæðinu. Með göngunum styttest leiðin til og frá Reykjavík um 42 km á svæðinu. Styttingin nemur um 40% á milli Reykjavíkur og Borgarness; flestir staðir í Borgarfirði verða í frá 30 mínútna til 70 mínútna ökufjarlægð frá höfuðborginni.

Að vísu mun veggjald draga úr áhrifum ganganna í Borgarfirði. Sérstaklega mun veggjaldið draga úr því að almenningur beggja vegna við göngin breyti hegðun með tilkomu þeirra. Veggjaldið vegur minna gagnvart fyrirtækjum sem t.d. flytja vörur á milli staða.

Ætla má að áhrif ganganna komi fram á nokkrum árum. Reikna má með að fólk breyti ekki hegðun sinni skyndilega, heldur þurfi það að fá reynslu af göngunum til að gera sér fulla grein fyrir þeim nýju möguleikum sem þau skapa. En hver verða þessi áhrif?

Í nokkrum fyrirliggjandi skýrslum hafa verið leidd rök að væntanlegum áhrifum Hvalfjarðarganganna á Vesturlandi. Er þar m.a. stuðst við reynslu af nýjum samgöngumannvirkjum í öðrum löndum. Bent hefur verið á eftirfarandi:

- Markaðssvæðin á Suðvesturlandi og Vesturlandi munu færast mjög saman. Þetta kemur framleiðslufyrirtækjum á Vesturlandi til góða þar sem þau eiga styttra á aðalmarkaðssvæðið í og við höfuðborgina. Reikna má með að almenningur á Vesturlandi muni í ríkara mæli en áður versla í höfuðborginni þar sem úrvalið er meira, sérstaklega ýmis konar sérvöru.

- Atvinnusvæðin á Suðvesturlandi og Vesturlandi munu tengjast. Dæmum um að fólk búi á öðru svæðinu en sækji vinnu á hinu mun fjölga.

- Möguleikar höfuðborgarbúa til að eignast annað heimili í Borgarfirði munu batna. Þeir

sem sækjast eftir þessu munu vilja búa við aðstæður mjög ólíkar þeim sem þeir búa við í borginni, t.d. mun meira landrými.

- Þjónustugreinar á Vesturlandi geta átt frekar undir högg að sækja, þar sem auðveldara verður en áður fyrir íbúa á svæðinu að sækja þjónustu á höfuðborgarsvæðið og fyrir fyrirtækin þar að þjóna Vesturlandi. Þessi áhrif verða án efa meiri en hin gagnstæðu. Þetta getur jafnt átt við þjónustu einkaaðila sem opinberra aðila. Sérstaklega á þetta við um sérhæfða þjónustu.

- Ferðum fólks í sumarhús í Borgarfirði mun án efa fjölga töluvert með tilkomu ganganna. Ekki er samt víst að þessi ferðalög leiði til mikillar aukningar á verslun sumarhúsafólks í Borgarfirði (Sjá könnun Jóns Birgis Guðmundssonar frá 1993).

- Gera má ráð fyrir aukinni eftirspurn eftir landi í Borgarfirði, m.a. undir sumarhús og til beitar hrossa.

- Ferðalög fólks til Borgarfjarðar verða auðveldari. Sérstaklega gæti sumarferðalögum innlendra og erlendra ferðamanna fjölgað, ef svæðið býður ferðafólki spennandi ferðamöguleika. Möguleikar ættu að opnast fyrir þróun dagsferða frá höfuðborgarsvæðinu og um héraðið.

- Í nýútkominni skýrslu um forsendur stefnumótandi byggðaáætlunar segir: "Gerð jarðganga undir Hvalfjörð mun breyta búsetuskilyrðum fólks á öllu Vesturlandi. Afleiðingar þessarar samgöngubótar verða bæði jákvæðar og neikvæðar fyrir atvinnulíf en lykilatriði er hvort íbúar skynji bættu stöðu sína og að bætt mat á lífsskilyrðum leiði til hagstæðari búsetuþróunar". (Stefnumótandi byggðaáætlun 1998-2002. (Drög). 1998:47)

6. Samkeppni við önnur svæði

Í nágrenni höfuðborgarsvæðisins eru fjögur þéttbýlissvæði sem á sumum sviðum keppa við það og þar með sín á milli um fólk og atvinnurekstur. Þessi svæði eru Árborg, Suðurnes, Akranes og Borgarnes.

Könnun meðal ungs fólks á höfuðborgarsvæðinu bendir til að Borgarfjörður hafi bæði sterka og veika stöðu í viðhorfum þessa fólks. Um 8% telur Borgarnes áhugaverðasta kostinn af nokkrum til búsetu utan höfuðborgarsvæðisins. Héraðið er hins vegar ekki það eftirsóknarverðasta á landinu til búsetu meðal þessa aldurshóps.

Ef litið er til atriða sem ungt fólk velur sem mikilvægustu skilyrði fyrir búsetu stendur Borgarnes og nágrenni tiltölulega sterkt að vígi.

Héraðið er mjög eftirsóknarvert sem sumarhúsasvæði. Áberandi er hversu fáir telja sig þekkja vel til í Borgarfirði.

Með tilkomu Hvalfjarðarganga styrkist staða Akraness og Borgarfjarðar í samanburði við hin tvö svæðin.

Veggjald um Hvalfjarðargöng mun hins vegar draga úr þessum áhrifum á samkeppnisstöðu Borgarfjarðarsvæðisins gagnvart öðrum svæðum. Hátt veggjald hefur áhrif á val fólks á lóðum fyrir orlofshús; það hefur áhrif á styttri ferðalög fólks inn á svæðið, t.d. um helgar; það dregur úr tengingu atvinnusvæða Vestur- og Suðvesturlands.

7. Framtíðarmöguleikar

Með vísan til ytri breytinga og aðstæðna í Borgarfirði má benda á fimm þætti sem fela í sér nýja möguleika til þróunar á svæðinu.

a. Forsendur fyrir framleiðslu úr matvælum ættu að batna á svæðinu. Styttri fjarlægð á markað ræður hér nokkru. Ennfremur verður styttra að sækja tækniþekkingu til vísindamanna og stofnana á höfuðborgarsvæðinu. Veruleg þekking, góð vörumerki, nægt hráefni og þjálfað vinnuafli eru fyrir hendi á svæðinu. Hvort hægt verður að nýta þessar forsendur fer að miklu leyti eftir hvort starfandi fyrirtækjum í þessari atvinnugrein tekst að sigrast á rekstrar- og fjárhagserfiðleikum sem mörg þeirra standa frammi fyrir. Æskilegt væri að fá utanaðkomandi fjárfesta til liðs við fyrirtækin.

Með nýju fjármagni og rekstraraðilum gætu fylgt markaðstengsl og stjórnunarþekking sem nýttust til endurskipulagningar fyrirtækjanna.

Þegar til lengri tíma er litið og þróunarstarfs sem fram þarf að fara í matvælageiranum, er mikilvægt að samstarf náist milli fyrirtækjanna og sérhæfðra aðila, t.d. skólans á Hvanneyri, um hagnýtar rannsóknir í meðhöndlun hráefnanna og sköpun nýrra vöruhegunda.

b. Góðir möguleikar eru að opnast með þróun sérstakra búsetuhverfa á mörkum þéttbýlis og sveitar ("exurbia"). Ákveðinn hópur þéttbýlisbúa gæti haft áhuga á að fá úthlutað stórum lóðum á svæðinu, t.d. í nágrenni Borgarness, til að eignast þar eins konar annað heimili. Þar gætu fjölskyldurnar dvalið um helgar og í leyfum. Þar væri hægt að halda húsdýr, eins og vinsælt er meðal margra þéttbýlisbúa. Þar gætu þær einnig stundað skógrækt.

c. Orlofshúsabyggðir gætu vaxið stórlega í Borgarfirði með hinu nýja nábyli við höfuðborgarsvæðið. Auðveldara verður fyrir höfuðborgarbúa að nýta orlofshús í Borgarfirði heidur en í öðrum héruðum vegna öruggari samgangna. Fjöldi landspilda hefur þegar verið skipulagður fyrir orlofshús.

Verulegur áhugi er meðal ungs fólks á höfuðborgarsvæðinu á að eignast orlofshús í Borgarfirði. Í könnun á viðhorfum þessa fólks kom í ljós að um ríflega fjórðungur myndi helst velja bústað sínum stað í Borgarfirði.

Mjög jákvætt viðhorf hefur komið fram til orlofshúsabyggða meðal íbúa Borgarbyggðar. 92% virðast hafa jákvæða afstöðu til þeirra, 2% neikvæða afstöðu og 5% eru hlutlausir. (Andrés Konráðsson et al. 1998:23).

d. Með nýrri sameiningu sveitarfélaga á svæðinu hafa skapast möguleikar til að efla félagsleg samskipti og lifandi samfélag íbúanna í Borgarfirði. Auðveldara verður að samnýta eignir víðs vegar um héraðið, t.d. íþróttamannvirki, skólabyggingar, félagsheimili og söfn. Þessi félagslega efling gæti bætt búsetuskilyrði á svæðinu.

e. Áhersla fólks á frítíma og tómsundur, tækniframfarir í fjarskiptum og tölvumálum svo og vegstyttingin um Hvalfjörð ættu að gefa margþættu og öfluglu skólastarfi á svæðinu ný tækifæri. Ekki síst á þetta við á sviði endur- og símenntunar. Þrjár háskólastofnanir, fjölbrautarskóli og fleiri skólastofnanir á Vesturlandi ættu hver um sig en ekki síður í samvinnu að geta nýtt sér þessi tækifæri.

8. Áhersluverkefni -- tillögur

Í ljósi þeirrar greiningar sem gerð hefur verið að framan verða hér settar fram nokkrar tillögur um áhersluverkefni til styrkingar á stöðu Borgarfjarðar á næstu árum. Flestar tillögurnar snúa að opinberum aðilum, fyrst og fremst sveitarfélögunum, en einnig að fyrirtækjum og félagasamtökum.

a. Efling orlofshúsabyggða.

Sveitarfélög og einkaaðilar þyrftu að meta kostnað við að auka þjónustu við orlofshúsabyggðir allt árið um kring. Stefna mætti að því að svæðisskipulag þessara byggða, sorpeyðing, snjómokstur og önnur þjónusta verði með betra móti í Borgarfirði heldur en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Sveitarfélögin ættu að taka fullan þátt í að móta stefnuna og hrinda henni í framkvæmd, t.d. með skipulagningu eigin lands og áberandi samkomulagi um þjónustu við samtök sumarhúsaeygenda.

Efling þjónustu við orlofshúsa svæðin getur farið saman við eflingu þjónustu við dreifbýlið, en 22% af íbúum dreifbýlisins í Borgarbyggð virðast vera óánægðir eða frekar óánægðir með sorphirðu, 38% óánægðir eða frekar óánægðir með snjómokstur. (Andrés Konráðsson et al. 1998:21).

Markaðsráð Borgfirðinga hefur rekið upplýsingamiðstöð fyrir sumarhúsaeygendum í tvö ár. Ráðið hefur ennfremur gefið út ítarlega þjónustuskra úr Borgarfirði.

Orlofshúsabyggðir styrkja marga þætti atvinnulífs í héraðinu, s.s. verslunarrekstur, ferðaþjónustu, rekstur þjónustumannvirkja, byggingastarfsemi, nýtingu og uppgræðslu lands. Eftir því sem húsin eru betur byggð og styttra er í þau, má ætla að notkun þeirra aukist og áhrif búsetu í þeim á samfélagið sömuleiðis.

Opinberir aðilar og einkaaðilar á svæðinu ættu að taka höndum saman um að fá reglur um orlofshús rýmkaðar, s.s. varðandi stærð húsa og rétt til að skrá lögheimili í þeim.

Framkvæmd:

Borgarbyggð leiti samstarfs við önnur sveitarfélög á svæðinu og stærri aðila sem

leigja og selja orlofshúsalóðir til að meta ávinning og kostnað af öflugari þjónustu við orlofshúsabyggðir. Þessir aðilar setji saman vinnuhóp til að gera áætlun um þessi mál. Vinnuhópurinn geri tillögur að markmiðum og uppkast að samningi við félög sumarhúsaeygenda.

Sveitarstjórnir óski eftir viðræðum við þingmenn kjördæmisins og umhverfisráðherra um lög og reglur er snerta orlofshúsabyggðir.

b. Grunngerð fyrir ferðaþjónustu.

Styrkja ætti grunngerð fyrir ferðaþjónustu í Borgarfirði. Í þessu fælist m.a. að merkja söguslóðir og náttúruminjar svo og íþróttamannvirki og þjónustukjarna, koma upp skipulagðri aðstöðu fyrir hjólhýsafólk, gera rúmgóð og eftirsóknarverð tjaldstæði, endurskoða og efla safnamál héraðsins (sjá nánari hugmyndir um söfn undir önnur mál). Greiða þyrfti fyrir aðgengi að ferðamannastöðum og þrýsta á ríkisvaldið um að lagfæra og leggja slitlag á vegi. Einnig þyrfti að hvetja fjarskiptafyrirtæki til að bæta þjónustu við héraðið. Þá ætti að stuðla að eflingu menntunar fólks í ferðaþjónustu.

Sem dæmi um verkefni sem hægt væri að vinna að má nefna heildarskipulag gönguleiða um Borgarfirði, og útgáfu bæklinga um sundlaugar í héraðinu.

Framkvæmd:

Bæjarstjórn Borgarbyggðar beiti sér fyrir framþróun á öllum þeim sviðum sem nefnd eru hér að ofan. Bæjarstjórn hafi forgöngu um að sveitarfélögin á svæðinu taki höndum saman við félagasamtök um einstök verkefni á þessu sviði. Þannig verði ungmenna- og íþróttafélög á svæðinu hvött til að taka að sér verkefni við merkingar gönguleiða og þau aðstoðuð eftir megni til með tæknilegri ráðgjöf og milligöngu um fjármögnun.

Að öðru leyti verði unnið samkvæmt nýsamþykktri stefnumótun í ferðamálum á Vesturlandi.

c. Skipulag hálfþjónustusvæða

Borgarbyggð ætti að láta skipuleggja gisna byggð (stundum nefnd "óðalsjarðir") í

nágrenni við Borgarnes (fyrir liggur tillaga um svæðið norðan Borgarnes). Í þessari byggð yrðu stórar lóðir (t.d. 2 hektarar), þar sem eigendum gæfist kostur á að byggja vegleg hús, en einnig að hafa húsdýr, svo sem hesta, á lóðinni. Þessi byggð væri sérstaklega gerð fyrir ráðsett fólk, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, sem vildi eignast annað heimili utan borgarsvæðisins. Lóðirnar væru afhentar með heitu og köldu vatni en ekki skólplögnum.

Nánari áætlun þyrfti að vinna um hvar þessi byggð gæti verið, hvenær hægt væri að hefjast handa, hvers konar þjónusta yrði í boði, og hvað lóðir og þjónusta myndu kosta.

Framkvæmd

Bæjarstjórn Borgarbyggðar leiti til Atvinnuráðgjafar Vesturlands um að gera úttekt á möguleikum sem í þessari hugmynd felst. Sérstaklega verði gerð könnun á markaðsmöguleikum í þessu sambandi.

d. Menningarlegt yfirbragð

Félagasamtök og fyrirtæki ættu að hafa samstarf um að rækta þann mikla bókmennta- og menningararf sem Borgarfjörður býr yfir. Sérstaka áherslu mætti leggja á bókmenntirnar (allt frá Agli og Snorra til Gyrðis Elíassonar); í samvinnu við veitingastaði, hótél, samgöngufyrirtæki og skólastofnanir mætti halda þessum arfi á lofti við ferðafólk; ennfremur mætti tvíanna þessa áherslu saman við skólastarf í héraðinu og almennt félagslíf.

Aðrar greinar lista en bókmenntir tvínnast óhjákvæmilega inn í starf af þessu tagi. T.d. er öflugt tónlistarlíf í héraðinu, fjölmennur tónlistarskóli, tónlistarfélag, margir kórar, tónlistarhátíð, og talsverð leiklist stunduð.

Vekja ætti athygli þeirra sem efna til ráðstefna í héraðinu á borgfirsku listafólki. Með því að krydda slíkar samkomur með menningarlegu efni mætti gera ráðstefnur í Borgarfirði sérstakar og vekja um athygli aðkomufólks á menningarlífi svæðisins.

Framkvæmd:

Bæjarstjórn Borgarbyggðar feli Menningarmálanefnd Borgarbyggðar að vekja athygli þjónustuaðila, s.s. veitingahúsa, á að nýta þann möguleika sem felst í menningarlegri dægradvöl í héraðinu. Nefndin gæti ýtt undir þetta starf og tengt það styrktaraðilum. Þá gæti nefndin aðstoðað við markaðsstarfið, gefið t.d. út sérstakt menningaralmanak héraðsins, a.m.k. yfir sumarmánuðina. Fram-

kvæmd og ábyrgð ættu samt sem áður að vera í höndum einstaklinga, félaga og fyrirtækja.

Bæjarstjórn feli Menningarmálanefnd að hafa forgöngu um að koma menningarstarfsemi í héraðinu á framfæri.

e. Ráðstefnuþjónusta

Fjölbreytni, tækjakost, skipulag og þjónustuviðhorf varðandi ráðstefnuhald þarf að efla til muna á svæðinu.

Framkvæmd:

Bæjarstjórn Borgarbyggðar leggi til að samstarfsvettvangur ferðamála í héraðinu (sjá t.d. tillögu um Upplýsinga og kynningarmiðstöð í Stefnumótun í ferðaþjónustu á Vesturlandi 1998-2005 og tillögu 1 hér á eftir) ráðleggi ferðaþjónustuaðilum um þessa uppbyggingu og afli upplýsinga um hana.

f. Samtenging þéttbýlis og dreifbýlis

Áhersla verði lögð á að tengja félagslega saman þéttbýli og dreifbýli í Borgarfirði. Einn höfuðþéttbýlisstaður, Borgarnes, er á svæðinu, en ennfremur nokkrir þéttbýlis-kjarnar. Víðfeðmt en fremur fámennst strjálbýli teygir sig síðan yfir stórt landsvæði. Það myndi efla samstöðu héraðsbúa og auka búsetugæði á svæðinu ef félagslíf strjálbýlis og þéttbýlis væri betur samtvinnnað en nú er. Til þess að stuðla að þessu þyrfti að tryggja góðar samgöngur.

Framkvæmd:

Bæjarstjórn Borgarbyggðar feli Menningarmálanefnd að senda frjálsum félagsamtökum og klúbbum á svæðinu bréf með hvatningu um að starfsemi þeirra tengi saman fólk úr dreifbýli og þéttbýli.

Bæjarstjórn leiti eftir tillögum embættismanna sveitarfélagsins, s.s. félagsmálastjóra og íþrótt- og tómsundafulltrúa, um hvernig vinna megi að þessari samtvinnun dreifbýlis og þéttbýlis. Verði sérstaklega hugað að nýtingu skóla- og íþróttamannvirkja og félagsheimila í þessu sambandi.

g. Tækifæri fyrir ungt fólk

Vegna þess stóra skarðs sem höggvið hefur verið í aldurspýramíta Borgarbyggðar er nauðsynlegt að sveitarfélagið efni til aðgerða til að fjölga í yngri aldurshópunum á

svæðinu. Eftirsóknarvert er að fá vel menntað fólk inn á svæðið. Þar sem auðveldast er að ná menntuðu fólki sem alið er upp á svæðinu til baka á þeim tíma sem það er að ljúka námi, ætti sveitarfélagið að leita eftir upplýsingum um þessa einstaklinga (á aldrinum 19-25 ára) og menntun þeirra og kynna fyrir fyrirtækjum á svæðinu. Koma mætti á fundum eða kynningum með þessum einstaklingum og fyrirtækjunum.

Fyrirtæki ættu að sækja um styrki úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að fá háskólafólk í vinnu við afmörkuð verkefni og ná þannig tengslum við það.

Framkvæmd:

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hafi forgöngu um málið, móti ferlið sem fara á eftir og fái fyrirtæki og stofnanir til að taka þátt í þeirri móttun. Stefna ætti að fyrsta fund fyrirtækja og námsmanna um næstu áramót.

h. Samstarf fyrirtækjahópa

Greina má fjóra "klasa" fyrirtækja: í matvælaframleiðslu, byggingastarfsemi, ferðaþjónustu og í menntun. Í þessum klössum eru tiltölulega mörg og athyglisverð fyrirtæki á svæðinu. Með því að leggja áherslu á svo afmarkaðar atvinnugreinar og fyrirtækjahópa væri búið að móta stefnu varðandi forgangsverkefni í atvinnuráðgjöf opinberra aðila og fleira. Einstök fyrirtæki innan fyrirtækjahópanna gætu efnt til samstarfs um ákveðna rekstrarþætti, s.s. þróunar- eða markaðsmál, sameinast um að byggja upp fyrirtækjanet, koma sameiginlega fram gagnvart opinberum- og hálfopinberum aðilum.

Hópur fyrirtækja í matvæla- og neysluvörufamleiðslu myndar eina af styrkustu stöðum atvinnulífs á svæðinu. Með styttri vegalengd til höfuðborgarsvæðisins ætti staða þessara fyrirtækja að styrkjast. Athuga ætti að gera neysluvöruiðnað af þessu tagi áberandi einkenni atvinnulífs á svæðinu. Ýta mætti undir þetta með yfirlýsingum um umhverfisvæn einkenni atvinnulífs í Borgarfirði og með samvinnu rannsóknastofnana tengdum Bændaskólanum á Hvanneyri við þróunarstarf í borgfirskum fyrirtækjum.

Ljóst er að byggingarfyrirtæki og byggingar-efnaframleiðsla er mikilvægur þáttur í atvinnulífi Borgarfjarðar. Staða þessara fyrirtækja ætti einnig að styrkjast með nálægð við stóran markað. Fjölgi orlofs-

húsum verulega á svæðinu munu þessi fyrirtæki hafa vaxandi verkefni á heimaslóðum, við nýbyggingar og viðhald. Hlúa þarf að þessari atvinnugrein og hvetja til samstarfs fyrirtækjanna. Athuga þarf sérstaklega hvort þessi fyrirtæki geta ekki getið af sér ný fyrirtæki í tengdri starfsemi.

Framkvæmd

Bæjarstjórn Borgarbyggðar leiti til Atvinnuráðgjafar Vesturlands um að hafa forgöngu um að mynda faghópa innan fjögurra fyrirtækjaklasa í Borgarfirði, matvælahóp, byggingarhóp, ferðaþjónustuhóp og skólastarfshóp. Áhersla verði lögð á nýsköpun, vörubrúun, markaðssetningu og endurmenntun starfsfólks. Verkefnið hefst strax í haust.

i. Frumkvöðlastarf

Vegna þess hvað atvinnulíf Borgarfjarðar er einhæft ætti að leita sérstakra leiða til að efla frumkvæði í atvinnulífi svæðisins.

Opinberir aðilar geta beitt sér á þremur sviðum til að skapa hagstæðar aðstæður fyrir og ýta undir frumkvöðla og frumkvöðlastarf. Hið fyrsta er að tryggja nægjanlegt lánsfé, annað er tryggja möguleika til þjálfunar frumkvöðlanna og starfsfólks þeirra, og þriðja er að greiða fyrir ýmiss konar stoðþjónustu, s.s. upplýsingum um tæknistaðla (Sjá Kotler, Jatusripitak, Maesinsee. 1997: 296)

Hafa ætti hliðsjón af niðurstöðum RITTS (Regional Innovation and Technical Transfer Structure) verkefnisins varðandi galla í uppbyggingu stuðningskerfis við atvinnurekstur í héruðum landsins. Samkvæmt þeirri hugmyndafræði sem RITTS verkefnið vinnur eftir er nýsköpun hvaðeina sem til nýjunga horfir í rekstri fyrirtækja eða atvinnulífi einstakra svæða, en ekki endilega það sem er nýtt í heiminum.

Borgarbyggð ætti að leggja höfuðáherslu á móttun jákvæðra viðhorfa til nýsköpunar og hvatningu til væntanlegra frumkvöðla í atvinnulífi héraðsins. Af þessum og ýmsum öðrum ástæðum ættu sveitarfélögin að efla tengsl sín við almenning, t.d. með útgáfu fréttabréfs og uppsetningu heimasíðu á Internetinu. Þá ætti nýsköpun að vera ráðandi þáttur í vali á fyrirtækjum ársins í Borgarbyggð.

Benda má á að sérstökum sjóði innan Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er ætlað að efla hátækni á landsbyggðinni.

Framkvæmd:

Bæjarstjórn Borgarbyggðar ætti að hafa forgöngu um þessa leit að nýjum frumkvöðlum. Gæti hún t.d. falið Atvinnumálanefnd verkefnið til úrvinnslu. Ætti að leita eftir samstarfi um málið við Atvinnuráðgjöf Vesturlands og háskólastofnanir á svæðinu. Fengnir verði sérfræðingar til að vinna að málinu, s.s. til ráðgjafar og námskeiðahalds.

j. Fjárfestingarsjóður

Fram hefur komið hugmynd um fjárfestingarsjóð atvinnulífsins á Vesturlandi. Þessi hugmynd er góðra gjalda verð, en mikið veltur á hvernig hún verður útfærð. Æskilegt væri að opinbers fjár frá sveitarfélögum til sjóðsins væri aflað með eignabreytingum frekar en skattheimtu. Fjármagni sjóðsins ætti fyrst og fremst að beina til nýrra fyrirtækja. Gengið verði út frá að fjárfesting sjóðsins í fyrirtækjum verði tímabundin og seld um leið og aðstæður leyfa. Sé fjárfestingin í formi kaupa á hlutabréfum verði kaupunum fylgt eftir með þátttöku í stjórn fyrirtækjanna. Velja ætti sérfræðimenntaða eða reynda aðila, óháða sveitarfélagahagsmunum, til stjórnarsetu í fyrirtækjunum. Þessi innflutningur á þekkingu er sérlega mikilvægur fyrir svæðið.

Annar möguleiki sem stjórnendur fjárfestingarsjóðs af þessu tagi ættu að kanna væri að fjárfesta í húsnæði og aðstöðu sem kæmi fyrirtækjunum að gagni frekar en að kaupa í þeim hlutabréf.

Framkvæmd:

Bæjarstjórn Borgarbyggðar móti formlega stefnu um þátttöku sveitarfélagsins í atvinnurekstri.

k. Skipulag Borgarness

Fullgera þarf deiliskipulag af svæðinu í kringum Brúartorg sem miði að uppbyggingu verslunar- og þjónustustarfsemi er höfðar til ferðamanna á hringveginum.

Í framhaldi af ákvörðun bæjarstjórnar Borgarbyggðar og Skipulagsstofnunar þess efnis að nýr miðbær Borgarness verði byggður upp við Brúartorg, þarf að huga að framtíðarmynd gamla miðbæjarins við

Brákarsund. Gera má ráð fyrir að þessi ákvörðun þýði frekari flutning verslunar úr gamla miðbænum, í veg fyrir ferðamannaumferð um héraðið. Við þennan flutning myndu losna húsnæði og lóðir, sem gæfu tækifæri til endurskipulagningar alls gamla miðbæjarins.

Gera þarf deiliskipulag yfir gamla miðbæinn sem geri ráð fyrir að geymslusvæði K.B. og ýmis önnur starfsemi hverfi af svæðinu en í staðinn verði íbúðabyggð, stofnanir og þjónusta, t.d. safnahús og hugsanlega ráðhús. Sjá má gamla miðbærinn sem höfuðaðsetur fyrir lítil þjónustufyrirtæki í þéttbýlinu. Sem stendur er skortur á skrifstofu- og atvinnuhúsnæði í Borgarnesi. Gamli miðbærinn gæti verið hlýlegur kjarni, þar sem væri miðstöð menningar- og félagslífs í bænum.

Ímynd Borgarfjarðar byggist, samkvæmt könnun, að verulegu leyti á náttúrufegurð og fallegu bæjarstæði Borgarness. Hvernig til tekst í skipulagsmálum Borgarness hefur mikla þýðingu fyrir ímynd héraðsins alls.

Framkvæmd:

Bæjarstjórn Borgarbyggðar efni til samkeppni um deiliskipulag menningar-, íbúða- og þjónustukjarna í gamla miðbænum. Bæjarstjórn setji af stað vinnu við deiliskipulag þjónustukjarna við Brúartorg.

l. Verkaskipting vegna ferðamála og almannatengsl

Verkaskipting þeirra aðila sem vinna að upplýsingagjöf og almannatengslum, einkum gagnvart ferðamönnum, er ómarkviss. Endurskoða þyrfti frá grunni hlutverk, verkaskiptingu og starfshætti Markaðsráðs Borgfirðinga, Ferðaskrifstofu Vesturlands, atvinnumálanefnda og almannatengslafulltrúa sveitarfélaganna, í tengslum við Atvinnuráðgjöf Vesturlands, að því er varðar upplýsingagjöf og almannatengsl, sérstaklega m.t.t. framkominna hugmynda um Upplýsinga- og kynningarstofu Vesturlands, starf ferðamálafulltrúa og áhuga á að skerpa ímynd Borgarfjarðar.

Samræma þyrfti aðgerðir ferðaþjónustuaðila á svæðinu og efla sameiginlegt markaðsstarf þeirra. Þetta mætti t.d. byrja með nokkurra daga fundum og ráðstefnu að hausti. (Sjá nánar um sérstaka stefnumótun í ferðamálum á Vesturlandi og tillögu m hér á eftir).

Samstarfsvettvangur opinberra aðila, ferðamálasamtök og hagsmunahópar, gætu skipu-

lagt eða ýtt undir nýjungar í ferðaþjónustu á svæðinu; má nefna sögukynningar, sýningar, heimsóknir í fyrirtæki, aðgang ferðafólks að sérkennum í borgfirsku atvinnulífi, s.s. gróðurhúsum o.s.frv. Ferðaþjónustan í Borgarfirði ætti að leggja áherslu á "aktíva" ferðamennsku, sem felur í sér þátttöku ferðafólksins í líkamlegum (s.s. gönguferðum, hestaferðum) eða andlegum (sögu- eða bókmenntalegs eðlis) verkefnum. Rannsóknir sýna að þess konar ferðaþjónusta getur verið mjög arðbær.

Framkvæmd:

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hafi forgöngu um viðræður við fulltrúa nágrannasveitarfélaga, Markaðsráðs Borgfirðinga, Ferðaskrifstofu Vesturlands og Atvinnuráðgjafar Vesturlands um markvissa verkaskiptingu.

Bæjarstjórnin leiti eftir samstarfi við klúbba og frjáls félagasamtök um að undirbúa verkefni tengd nýtingu fornsagna við ferðaþjónustu í Borgarfirði og þau þannig hvött til aukinnar forystu og virkni í samfélaginu.

m. Ímynd Borgarfjarðar

Könnun gefur til kynna mikla þörf á að kynningar- og markaðsstarf svæðisins verði aukið verulega. Þyrfti sérstaklega að gefa gaum að möguleikum samstarfsvettvangs opinberra aðila og atvinnulífs, líkt og Markaðsráðs Borgfirðinga er, til að samhæfa það starf. Bent skal á vaxandi ábyrgð Borgarbyggðar með nýlegri sameiningu sveitarfélaga til að tryggja árangur af þessu starfi. Sveitarfélagið ætti að leita eftir samvinnu allra sveitarfélaga í héraðinu við þetta starf.

Borgarfjörður er í huga íbúanna og flestra aðkomumanna svæðið norðan Skarðsheiðar að Hítará. Mikilvægt er að móta ímynd Borgarfjarðar sérstaklega með útgáfu upplýsingaefnis. Öll tækifæri til kynningar þarf að nýta vel. Ímynd Borgarfjarðar þarf að vera aðskilin frá ímynd Vesturlands alls.

Vinna þarf aðgengileg gögn um þjónustu og búsetuskilyrði í Borgarbyggð.

Framkvæmd:

Bæjarstjórn Borgarbyggðar leiti til sérfræðinga í almannatengslum um tillögur í þessu máli. Undirbúningur hefst sumarið 1998 og tillögur verði mótaðar á haustdögum.

Þvernefndalegur vinnuhópur á vegum Borgarbyggðar útbúi gögn sem gefi heildarsýn yfir þjónustu og búsetuskilyrði í sveitarfélaginu. Taki þetta yfirlit til skólamála, þ.m.t. leikskólamála, íþrótt- og tómstundamála, öldrunarþjónustu, svo og annarrar þjónustu sem stendur til boða á svæðinu.

Þessar upplýsingar verði að einhverju leyti gefnar út en ennfremur hafi Bæjarstjórn forgöngu um uppsetningu heimsíðu á Internetinu.

n. Byggðir eldri borgara

Hægt væri að styrkja byggð í Borgarfirði með markvissri fjölgun fullorðins fólks, fólks sem býr sig undir skapandi en öruggt ævkvöld. Þetta gæti verið fólk sem sæktist eftir að stunda ákveðin áhugamál í ellinni eða vill vera í nálægð við skólustarf eða lifandi menningarstarfsemi. Höfða mætti til fólks sem á rætur að rekja til Borgarfjarðar eða hefur búið þar einhvern hluta ævi sinnar.

Slíkir hópar fólks myndu án efa nýta og efla almenna þjónustu á svæðinu. Þeir myndu efla "innri markað" svæðisins, sem er mikilvæg forsenda þess að áhrif Hvalfjarðarganga verði jákvæð í Borgarfirði (Sjá Ráðstefnu um áhrif Hvalfjarðarganga á búsetu og atvinnulíf 1996:8).

Þennan möguleika ætti Borgarbyggð að láta athuga nánar og meta fýsileika hans fyrir sveitarfélagið. Eldri borgarar eru að einhverju leyti þurftarfrekir á opinbera þjónustu. Mikið af þeirri þjónustu er enn greidd af ríkinu. Gera þyrfti áætlun um þjónustu sem ætlunin væri að veita þessum hópum.

E.t.v. mætti markaðssetja búsetu á svæðinu hjá fólki sem sest snemma í helgan stein, um 60 ára aldur.

Sem stendur virðast um 45% íbúa í Borgarbyggð vera ánægð með þjónustu Borgarbyggðar við aldráða; 7% eru óánægðir eða frekar óánægðir (Andrés Konráðsson et al. 1998:18).

Framkvæmd:

Bæjarstjórn Borgarbyggðar ráði til sín ráðgjafa til að gera úttekt á þessu máli.

o. Framhaldsskólakennsla og tölvuver

Athuga þarf möguleika á að kenna fyrstu bekkni framhaldsskóla í Borgarnesi. Kennsla mætti vera sambland af kennslu á staðnum og fjarkennslu, t.d. frá Akranesi. Leita þyrfti samstarfs við Fjölbautaskólann á Akranesi um þessi mál.

Í tengslum við þessa hugmynd ætti að athuga að koma upp tölvuveri og fjarkennslustofu í Borgarnesi, utan grunnskólanna, sem almennigur ætti aðgang að. Leita má fyrirmynda t.d. í Vestmannaeyjum. Með slíkri starfsemi væru unglingar og eldra fólk þjálfað í nútímatækni og vinnubrögðum.

Framkvæmd:

Bæjarstjórn Borgarbyggðar feli skólanefndum og æskulýðs- og tómstundanefnd Borgarbyggðar að setja saman vinnuhóp til að kanna þetta mál nánar og leggja tillögu fyrir bæjarstjórn.

p. Samræming skóla- og tómstundastarfs

Unnið verði frekar að samræmingu skóla- og tómstundastarfs í Borgarbyggð. Athuga ætti

sérstaklega samnýtingu mannvirkja og mannafla; ennfremur tímaskipulag og hliðarþjónustu.

Framkvæmd:

Bæjarstjórn Borgarbyggðar feli skólanefndum og æskulýðs- og tómstundanefnd Borgarbyggðar að setja saman vinnuhóp til að kanna þetta mál nánar og leggja tillögu fyrir bæjarstjórn.

q. Lækkun veggjalds.

Opinberir aðilar og aðrir í Borgarfirði ættu að leita allra leiða til að veggjald um Hvalfjarðargöng verði eins lágt og mögulegt er. Göngin skapa þegar á allt er litið ný og spennandi tækifæri fyrir Borgarfjörð, en þessum tækifærum er fækkað með háu veggjaldi.

Framkvæmd:

Bæjarstjórn Borgarbyggðar beiti sér af fullum þunga fyrir að gjaldið verði lækkað frá því sem ákveðið var við opnun ganganna.

9. Önnur mál.

a. Athugunarverð er hugmynd um að félagsheimili í Borgarfirði sérhæfist á einhvern máta. Hægt væri að búa félagsheimilin í Brún, Brautartungu, Brúarási, Logalandi, Valfelli, Lyngbrekku, Þinghamri og við Þverárrétt sérstaklega til afnota fyrir leiklist, tónlist, dans, kvikmyndasýningar, fundi eða tækifæris-samkomur. Þetta þýddi ekki að eingöngu ein tegund starfsemi yrði í hverju húsi, heldur að sérstök aðstaða væri til ákveðinnar notkunar á hverju húsi.

b. Nánari hugmyndir um uppstokkun og dreifingu safna í héraðinu skal hér tíunduð:

- Héraðsbókasafn og skjalasafn í Borgarnesi
- Veiðisafn í Ferjukoti
- Verslunarsafn, krambúð í gömlu verslunar-húsunum í Borgarnesi
- Samgönguminjasafn í Borgarnesi
- Landbúnaðarsafn á Hvanneyri (til viðbótar við núverandi búvélasafn)
- Stríðsminjasafn í Hvalfirði
- Fornbókmennta- og sögusafn í Reykholti

• Víkinga-, sögualdasafn (Egilssafn á Borg eða í Borgarnesi?, Sturlungasafn í Reykholti?)

c. Í tengslum við ávöxtun bókmenntaarfsins mætti hugsa sér að tengja nútímabókmenntir við héraðið. Það mætti halda regluðeg bókmenntakvöld í héraðinu, t.d. í hverri viku yfir sumarið. Þau mætti halda í Munaðarnesi, í Reykholti eða í Búðarkletti, svo dæmi séu tekin. Aragrúi skálda og rithöfunda er upprunninn í Borgarfirði og enn önnur eiga þangað ættir að rekja.

d. Beina má þeirri hugmynd til Búnaðarsamtaka Vesturlands að þau kanni möguleika á að bændur skiptist á um að veita ferðafólki aðgang að búum sínum og framleiðslu yfir sumartímann. Ferðafólk fengi að smakka á framleiðsluvörum. Einhver sala gæti eflaust farið fram innan marka gildandi laga og reglna.

Þessi aðgangur gæti einnig náð til ylrektarstöðva.

10. Samantekt

Í þessari skýrslu hefur verið farið yfir stöðu og framtíðarmöguleika Borgarfjarðar sem búsetu- og atvinnusvæðis. Greind hafa verið áhrif breytinga á ytri þáttum samfélagsins, sérstaklega tengingarinnar undir Hvalfjörð um Hvalfjarðargöng, skoðaðir innri þættir samfélagsins, bæði sterkir og veikir þættir, nefndir nokkrir framtíðarmöguleikar svæðisins og gerðar tillögur um aðgerðir opinberra aðila, félagasamtaka og einkaaðila til þess að ýta undir framþróun á ýmsum sviðum.

Meiri nálægð við höfuðborgarsvæðið með tilkomu Hvalfjarðarganga er án efa ein mikilvægasta breytingin sem vitað er um í ytra umhverfi Borgarfjarðar. En aðlögun í landbúnaði, samdráttur í mörgum greinum og auknar framleiðslukröfur, hefur einnig mikil áhrif. Þá má nefna aukin fjarskipti og tölvuvæðingu, hagræðingakröfu sem opinberir aðilar jafnt sem einkaaðilar standa frammi fyrir, aukna áherslu fólks á frítíma og tómstundir, hagvöxt og efnahagslegar framfarir. Þá má ekki gleyma aldurs og búsetuþróun, sem felur í sér hækkun meðalaldurs í landinu, flutning fólks af ýmsum landsvæðum á höfuðborgarsvæðið, og fækkun sem átt hefur sér stað víða á landsbyggðinni í aldurshópum ungs fólks á aldrinum 25 til 34 ára.

Borgarfjörður býr að stórbrotinni náttúru og miklum sögu- og bókmenntaarfi. Í héraðinu er ennfremur góð íþróttastaða og öflugt íþróttastarf, margþætt og kröftugt skólustarf, traust hefð fyrir matvælaframleiðslu, fjölpætt þjónusta opinberra aðila og einkaaðila. Þá er stærsti þéttbýliskjarni héraðsins vel staðsettur fyrir stofnanir sem þjóna öllu Vesturlandi. Breytingar á ytri þáttum skapa tækifæri til að nýta enn betur en áður sögu- og náttúru svæðisins, íþróttaaðstöðuna, skólustarfið og staðsetningu Borgarness.

Ímynd Borgarfjarðar er veik og þekking höfuðborgarbúa á svæðinu lítil. Fjárhagsleg staða margra mikilvægra fyrirtækja á svæðinu er veik. Ýmis aðstaða til að þjóna ferðafólki er af skornum skammti. Skipulag þéttbýlisins í Borgarnesi er að mörgu leyti vanþróað. Skarð í yngri aldurshópa er stórt í Borgarfirði. Aukið nábýli við höfuðborgina gefur nýja möguleika til að minnka þetta skarð í aldurstréð.

Með fyrirsjáanlegum breytingum á ytra umhverfi ættu framtíðarmöguleikar Borgarfjarðar að batna til:

- Matvælaframleiðslu
- Búsetu á hálfþjónustusvæðum
- Eflingar orlofshúsabyggða
- Styrkingar á félagslegum búsetuskilyrðum
- Nýsköpunar í skólustarfi

Í skýrslunni hafa verið gerðar tillögur um áhersluverkefni í sautján liðum. Meðal annars er lagt til að:

- Boðin verði besta þjónusta á landinu við orlofshúsabyggðir.
- Efnt verði til margþættra aðgerða til að styrkja grunngerð fyrir ferðaþjónustu.
- Úttekt verði gerð á möguleikum fyrir uppbyggingu hálfþjónustusvæða.
- Menningararfur héraðsins, sér í lagi úr bókmenntum, verði ræktaður vegna ferðaþjónustu.
- Skipulega verði unnið að því að tengja félagslega saman þéttbýli og dreifbýli.
- Ýtt verði undir að ungt fólk sem aflað hefur sér menntunar komi heim til starfa hjá borgfirskum fyrirtækjum.
- Stofnað verði til faghópa innan fjögurra fyrirtækjaklasa í Borgarfirði, matvæla-fyrirtækja, byggingarfyrirtækja, ferðaþjónustufyrirtækja og skólastofnana.
- Leitað verði að frumkvöðlum og aðstoðað við nýsköpun í starfandi og nýjum fyrirtækjum.
- Bæjarstjórn Borgarbyggðar móti stefnu um þátttöku í atvinnurekstri, sem m.a. miði að því að flytja þekkingu inn í héraðið.
- Unnið verði deiliskipulag fyrir gamla miðbæinn við Brákarsund og nýja þjónustukjarnann við Brúartorg.
- Endurskoðuð verði frá grunni verkaskipting aðila sem eiga að sinna upplýsingagjöf og almannatengslum fyrir sveitarfélög og atvinnulíf í Borgarfirði.
- Unnið verði með faglegum og skipulegum hætti að mótun ímyndar Borgarfjarðar.

- Athugað verði hversu fýsilegt það yrði að efla byggðir eldri borgara í Borgarbyggð.
- Athugaðir verði möguleikar á að hefja framhaldsskólakennslu í Borgarnesi.
- Opnað verði tölvuver fyrir almenning í Borgarnesi.
- Unnið verði að samræmingu skóla- og tómsundastarfs í Borgarbyggð.
- Þrýst verði á um lækkun veggjalds um Hvalfjarðagöng.

11. Að lokum

Sveitarfélög og héruð eru í eðli sínu flóknar skipulagsheildir sem mjög margir eiga þátt í að móta með ákvörðunum sínum og framgöngu. Þau verða ekki felld í mjög einfalt form, eða lýst með einföldum sérkennum. Þau eru lifandi samfélög sem eiga að vera sem fjölbreyttust til að sem flestir finni þar sitt hvað við sitt hæfi.

Í þessari skýrslu hafa verið færð rök fyrir því að gagnvart þeim breytingum sem reiknað er með eigi ferðapjónusta, matvælaframleiðsla, byggingarstarfsemi og skólastarf góða möguleika á að eflast á næstu árum. Hvort það gerist er hins vegar bundið því að forustufólk í opinberum rekstri, hjá fyrirtækjum og félagsamtökum vinni markvisst að þessu marki.

Hér hafa ekki verið sett fram töluleg markmið eða fullbúin framtíðarsýn fyrir Borgarfjörð. Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum og annað forystufólk á svæðinu ætti að koma að slíku verki. Það má hins vegar gera á grundvelli þess sem fram kemur í skýrslunni.

Mestu skiptir að unnið verði í framfarainálum og vel takist til með að virkja marga til þess verks. Hér hafa verið gerðar ýmsar tillögur um verkefni og settar fram ábendingar um framkvæmd. Verði þeim áhersluverkefnum sem hér hefur verið fjallað um hrint í framkvæmd ætti hagur héraðsins að blómgastr á næstu árum.

Heimildaskrá

Andrés Konráðsson, Guðrún Elísa Þorkelsdóttir, Pétur Þórðarson, Svanheiður Ingimundardóttir, Unnsteinn B. Eggertsson og Unnur Árnadóttir. 1998. Borgarbyggð, stefnumótun. Samvinnuháskólinn á Bifröst, Bifröst.

Borgarbyggð. 1998. Ráðgarður Reykjavík.

Byggðabrunnur Byggðastofnunar. [1998]. [Gagnagrunnur]. Byggðastofnun, Reykjavík.

Byggðir milli jökla. Stefnumótun í ferðabjónustu á Vesturlandi 1998-2005. 1998. Á sextán skóm, Reykjavík.

Erlendir og innlendir gestir á Vesturlandi sumarið 1996. 1998. Rannsóknir og ráðgjöf ferðabjónustunnar, Hafnafirði.

Hagstofa Íslands. [1998]. Endanlegar tölur um mannfjölda 1. desember 1997. (Fréttatilkynning). <http://www.hagstofa.is/>. (Skoðað 12. júlí 1998).

Johnson, Gerry og Kevan Scholes. 1989. Exploring Corporate Strategy. Prentice Hall, New York.

Kotler, Philip, Donald H. Heider, Irving Rein. 1993. Marketing Places: Attracting Investment, Industry and Tourism to Cities, States and Nations. New Jersey, Prentice Hall.

Kotler, Philip, Somkid Jatusripitak og Suvit Maesinsee. 1997. Marketing of Nations. Prentice Hall, New York.

Ráðstefna um áhrif Hvalfjarðarganga á búsetu og atvinnulíf. 1996. Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi og Byggðastofnun, Borgarnesi.

Stefán Ólafsson. 1997. Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga. Byggðastofnun, Reykjavík.

Stefnumótandi byggðaáætlun 1998-2002. Forsendur. Drög í vinnslu. 1998. Byggðastofnun, Reykjavík.

Sögulegt yfirlit hagtalna. 1997. Þjóðhagsstofnun, Reykjavík.

Þjóðarbúskapurinn. 1998. Þjóðhagsstofnun, Reykjavík.